



ÞJÓNUSTA FYRIR NEMENDUR MEÐ SÉRÞARFIR Í NÁMI



Háskólinn á Akureyri býður nemendum með lestrarörðugleika og fötlun af ýmsum toga margvíslega þjónustu og sérúrræði í samræmi við stefnu háskólans um jafnt aðgengi að námi og störfum.

Þjónusta sem stendur til boða:

- almennur aðbúnaður í húsnæði HA í samræmi við lög og þarfir nemenda
- kynning og leiðsögn um háskólasvæðið, sérstaklega ætlað nemendum með hreyfihömlun og sjón- og heyrnarskerðingu. Getur farið fram áður en nám hefst ef óskað er
- tækniaðstoð vegna almennrar tölvunotkunar innan kerfis HA
- aðgangur að búnaði og tækniaðstoð vegna skönnunar námsefnis inn í tölvur
- sértæk einstaklingsbundin aðstoð vegna töku prófa
- aðstoð á námstíma í sanngjörnu samræmi við sérþarfir nemenda og fjárhag HA
- aðstoð við að nota þjónustu bókasafns, s.s. við heimildaleit og ljósritun
- aðstoð við að nota þjónustu gagnasmíðju og sérhæfð forrit, s.s. lesvél
- aðstoðarfólk eftir því sem við á
- málsvari innan HA
- aðgangur að námsráðgjafa til persónulegra viðtala
- námskeið um námstækni og um kvíðastjórnun
- vinnusmiðjur (workshops) til að stuðla að velgengni í námi
- tilvísanir til sérfræðinga utan HA eftir því sem við á



ÞJÓNUSTA FYRIR NEMENDUR MEÐ SÉRÞARFIR Í NÁMI



Þjónusta sem ekki er hægt að veita:

- ferliþjónusta
- tölvur eða tölvubúnaður til persónulegra nota meðan á námi stendur
- persónuleg þjónusta af öðru tagi en fram kemur í þessum bæklingi
- greiðsla fyrir vottorð sem kann að verða óskað eftir

Það sem nemendur þurfa að gera:

- leggja fram greiningu/vottorð frá sérfræðingi sem staðfestir fötlun eða sértæka námsörðugleika
- merkja á umsóknareyðublað við upphaf skólagöngu að um fötlun eða sértæka námsörðugleika sé að ræða eða panta viðtal við námsráðgjafa
- þekkja reglur HA og fylgja þeim í hvívetna
- bera sig eftir þeirri þjónustu sem í boði er

Saman getum við:

- komið á samvinnu sem byggir á gagnkvæmu trausti
- notað réttar boðleiðir innan háskólans til hagsbóta og betri árangurs fyrir alla
- unnið gegn fordómum og vanþekkingu með því að læra hvert af öðru um mannlegan margbreytileika í anda jafnréttissjónarmiða

